

ar svo ber undir, til þess að fullnægt verði skyldu hins danska ríkis til að senda heim sjómenn.

**157**  
20. des.

Ráðgjafinn fyrir Ísland telur það sjálfsagt, að störf þau til heimsendingar á sjómönnum, sem erlendis hvíla á hinum dönsku konsúlum, sje á Íslandi falin sýslumönnunum á hendur, samkvæmt því sem hingað til hefur átt sjer stað, og skal jeg því samkvæmt fyrirlagi hans þjónustusaml. skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla lögreglustjóra í ömtum yðar, að kynna sjer fyrir mæli 66. og 98. sbr. 313. gr. í hinum dönsku sjólögum frá 1. apríl 1892, og jafnframt sjerstaklega leiða athygli þeirra að eptirfylgjandi atriðum:

1. Að reglur sjólaganna um heimsending á kostnað ríkisins gildi að eins um sjómenn af *dönsku* þjóðerni. sem ráðnir eru á danskt skip.

2. Að rjetturinn til ókeypis heimferðar er ekki bundinn við fátækt hlutadeiganda, en að það á hinn bóginn

3. er skilyrði fyrir rjettinum, að ekki sje hægt að útvega sjómanninum starfa, sams konar eins og þann, er hann var ráðinn til, annaðhvort á dönsku eða norsku eða sænsku skipi, sem fara á til hafnar í Danmörku eða annarar hafnar, sem auðvelt er að senda hann frá heim.

4. Að skipstjóri á heiming á, að honum sje útborgaður farareyrir fyrir fram, ef hann getur fengið ferð með dönsku skipi, en upphæð farareyrisins ákveðst með tilliti til kgl. tilsk. 17. maí 1893.

5. Að hásetarnir aptur á móti ekki geta heimtað, að þeim sje borgaður farareyrir, en verða að hlýta ráðstöfun yfirvaldanna að því er flutninginn snertir.

6. Að gæta ber hæfilegrar sparsemi við heimsending danskra skipshafna, og á að taka heldur far með dönskum skipum, ef auðið er, og nokkuð getur sparazt við það (sbr. tilsk. 17. maí 1893).

7. Að lögreglustjóra beri, þegar hann sendir strandmenn með dönsku skipi, að fá þeim brjef til skipstjórans á því skipi, með áskorun til hans um, að taka við þeim samkvæmt 34. gr. sjólaganna 1. apríl 1892 og tilskipun 17. maí 1893.

Jafnframt skal jeg biðja yður að minna lögreglustjórana á það, að ríkissjóði beri engin skylda til að styrkja eða senda heim útlenda sjómenn, nema til sjeu þar að lútandi ríkjasamningar, en þeir eru til að því er snertir bágstadda sænska, norska, þýzka, enska og ítalska sjómenn, sem ráðnir eru á danskt skip.

**Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um umsjón og fjárhald kirkna. — 158**

Með því að síðasta alþingi hefur ályktað að skora enn af nýju á landssjórnina, að leita samninga við hlutadeigandi söfnuði samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um það, með hverjum kjörum þeir vilja taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landssjóður á, og sjeu undirtektir safnaðanna síðan lagðar fyrir alþingi 1897, þá skal jeg þjónustusamlega leggja fyrir yður, herra amtmaður, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum um

21. des.

**158** umsjón og fjárhald kirkna, 12. maí 1882, að leitað verði samkomulags við söfnuðina í kirkjusóknum þeim í amtinu, þar sem kirkjan er eign landskjóds, um, að þeir taki að sjer umsjón og fjárhald kirknanna, og við þá söfnuði, sem ekki eru ófáanlegir til þess, um skilmálana fyrir því, að þeir taki hlutaðeigandi kirkjur að sjer. Um árangurinn af þessum mála-leitunum vona jeg síðan að fá skýrslu ásamt með álit yðar um tilboð þau, sem sem kynnu að koma fram.

**159** *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um ráðstafanir til eyðingar*  
 23. des. **refa.** — Á síðasta alþingi ályktaði neðri deild þingsins að skora á landshöfðingjann að skipa svo fyrir, að sýslunefndir og amtsráð láti í ljósi álit sitt um það fyrir næsta alþingi, hvort eigi væri unnt að gjöra frekari ráðstafanir, en nú eigi sjer stað, til eyðingar refum hjer á landi.

Jafnvel þótt jeg gjöri ráð fyrir, að sýslunefndirnar sjeu nú þegar búnar að fá löggiltar reglugjörðir um eyðing refa, samkvæmt heimild þeirri, sem til þess er veitt í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, vil jeg verða við áminntum tilmælum þingdeildarinnar, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslunefndirnar í ömtum þeim, sem þjer eruð skipaður yfir, að láta uppi álit sitt um það, hvort unnt muni vera að gjöra nokkrar, og ef svo er, þá hverjar frekari ráðstafanir en nú eiga sjer stað til eyðingar refum hjer á landi. Álit sýslunefndanna í hvoru amti bið jeg yður síðan að leggja fyrir hlutaðeigandi amtsráð til ihugunar og umsagnar, og senda mjer síðan álit sýslunefndanna og amtsráðanna svo tímanlega, að jeg geti lagt þau fram á næsta alþingi.

**160** *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um nýja skipun læknahjerað-*  
 28. des. **anna.** — Á síðasta alþingi ályktaði neðri deild þingsins að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um nýja skipun læknahjeraðanna, og var það tekið fram undir umræðunum, að rjettasti vegurinn til undirbúnings þessa máls væri, að leita upplýsinga hjá sýslunefndum um, hvar lækna sje þörf sjerstaklega í hlutaðeigandi sýslu.

Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslunefndirnar í ömtum þeim, sem þjer eruð skipaður yfir, að láta uppi hver fyrir sitt sýslufjelag álit sitt og uppástungur um þær breytingar á hinni núverandi skipun læknahjeraðanna, sem að þeirra hyggju eru nauðsynlegar til þess að sýslubúar geti orðið aðnjótandi læknishjálpar, svo við verði unað, en þó þannig, að landssjóði verði ekki íþyngt um of, og væri æskilegt, að lækni þeim eða læknum, sem gegna hjeraðslæknis- eða aukalæknisstörfum í hlutaðeigandi sýslufjelagi væri gefinn kostur á að mæta á sýslufundi þeim, sem mál þetta verður rætt á, og taka þátt í umræðunum um það. Álit sýslunefndanna bið jeg yður því næst að senda mjer sem fyrst, ásamt þóknanlegum ummælum yðar.